

Borgarstjórn
5. september 2017

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt og endurbætur á húsnæði leik- og grunnskóla

Ástand skóla og leikskólabygginga er víða afar slæmt og þarfnast mikils viðhalds og endurbóta. Lagt er til að úttekt fari fram á ásigkomulagi þessara bygginga og kannað sérstaklega hvar séu rakaskemmdir og hvort um sé að ræða mygluskemmdir. Í kjölfarið verði gerð framkvæmdaáætlun um endurbætur og ráðist strax í viðgerðir á þeim skólum þar sem húsnæðið er talið geta verið heilsupillandi.